



Reykjavík, 28. nóvember 2018

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Arnarhvoli
101 Reykjavík

Bílgreinasambandið vill koma á framfæri stuðningi sínum við Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) í tengslum við breytingu á ýmsum lögum vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2019.

Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að afnám afsláttar af vörugjaldi bílaleiga frá og með áramótunum 2018-2019. Nýverið var lögð fram metnaðarfullt aðgerðaráætlun í loftslagsmálum og markaði þar ríkisstjórnin stefnu með því að draga verulega úr losun koltvísýrings frá samgöngum með því að stefna að nýskráningar bensín- og dísilbíla verði almennt óheimil eftir árið 2030.

Bílgreinasambandið styður eftirfarandi stefnu ríkisstjórnarinnar en hefur lagt áherslu á að tryggja þarf innviði til að takast á við þær breytingar sem þörf er á hér á landi og á sama tíma að stjórnvöld styðji aðgerðir sem aðstoða við að ná þessu markmiði. Átak þarf í að endurnýja bílafлотann og er það gert með því að tryggja innflutning nýrra og minna mengandi ökutækja inn í landið. Þrátt fyrir mjög góða sölu í umhverfisvænum bílum síðustu ár eru innflytjendur ökutækja að sjá fram á að eftirspurn verður langt umfram framboð á árinu 2019. Það mun leiða til þess að einstaklingar bíði með endurnýjun þar til hægt verður að bregðast við þessari eftirspurn. Sala til bílaleiga er og hefur verið í kringum helmingur af sölu fólksbíla á hverju ári og hafa því stutt öra endurnýjun ökutækja. Eins og kemur fram í skýrslu Aton sem SAF lagði fyrir nefndina þá kemur glöggt fram hvað bílaleigur hafa náð miklum árangri síðastliðin 5 ár í að draga úr útblæstri bílafлотans með endurnýjun. Mikilvægt er að halda þessari þróun áfram til að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið af ríkisstjórninni þegar kemur að loftslagsmálum.

Rekstrarumhverfi bæði bílaleiga og innflytjenda ökutækja hefur verið óstöðugt vegna tíðra breytinga á vörugjöldum á bílaleigubílum síðastliðin 8 – 10 ár. Mikilvægt er að tryggja meiri stöðugleika og hefur niðurfellingin undanfarin ár aðstoðað þar.

Bílgreinasambandið leggur því einnig fram á að 250.000 kr. niðurfelling á vörugjaldi bílaleigubifreiða verði framlengt til 31.12.2019.

Virðingarfyllt.

Bílgreinasambandið

María Jóna Magnúsdóttir
Framkvæmdastjóri
Hús atvinnulífsins, Borgartúni 35
105 Reykjavík